



Borgarráð

Sumarstörf fyrir 17 ára og framtíðarfyrirkomulag þeirra

Lagt er til að borgarráð samþykki fjármagn til sköpunar viðbótar sumarstarfa fyrir 17 ára einstaklinga í Reykjavík til að bregðast við því ástandi þegar 17 ára einstaklingar sækja um sumarstörf og fá ekki. Áætlað er að bjóða 200 sumarstörf fyrir 17 ára einstaklinga í Reykjavík í 4-6 vikur en í ár auglýsir Reykjavíkurborg 1040 sumarstörf og eru einungis 40 stöðugildi þar sérstaklega ætluð 17 ára einstaklingum. Áætlaður heildarkostnaður vegna 200 ráðninga í 6 vikur væri 127 mkr. Tillagan verður fjármögnuð af kostnaðarstaðnum ófyrirséð.

Þá verði stofnaður starfshópur sem skoði fyrirkomulag á sumarstörfum til framtíðar fyrir 17 ára einstaklinga, sem kortleggur stöðuna, setur upp sviðsmyndir og kostnaðarmetur tillögur.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs til borgarstjóra – Sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni, dags. 4. apríl 2022.



Til borgarstjóra

Frá sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Efni: Sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni

Reykjavík, 4. apríl 2022

Efni: Tillögur vegna sumarstarfa fyrir 17 ára og framtíðarfyrirkomulags þeirra.

Mannauðs og starfsumhverfissvið telur mikilvægt að skoða sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni bæði nú í vor og til framtíðar. Stór hluti 17 ára ungmenna í Reykjavík getur ekki treyst á að fá vinnu yfir sumarið hjá Reykjavíkurborg þrátt fyrir að vera ekki orðin sjálfráða. Undanfarin ár hefur verið veitt sérstöku fjármagni til sköpunar starfa fyrir þennan aldurshóp til að bregðast við ástandi sem skapast þegar 17 ára einstaklingar sækja um sumarstörf og fá ekki. Mannauðs og starfsumhverfissvið telur að það þurfi að bregðast við í ár líkt og undanfarin ár og veita fjármagni til sköpunar starfa fyrir þennan aldurshóp en sviðið leggur jafnframt til að skoðað verði framtíðarfyrirkomulag vegna sumarstarfa fyrir 17 ára einstaklinga.

1. Sumarstörf fyrir 17 ára sumarið 2022

Í ár auglýsir Reykjavíkurborg 1040 sumarstörf og aðeins lítill hluti þeirra sumarstarfa sem auglýst voru í ár eru sérstaklega ætluð 17 ára einstaklingum eða einungis um 40 stg. sem er sambærilegt og hefur verið undanfarin ár. Hjá Reykjavíkurborg býðst 17 ára einstaklingum að sækja um sumarstörf sem auglýst eru ár hvert í febrúar og eru þá að keppa um störfin við mun eldri og reynslumeiri einstaklinga. Stór hluti 17 ára einstaklinga fá því ekki starf hjá Reykjavíkurborg og þar sem ástandið á vinnumarkaði hefur verið þungt undanfarin ár hefur sumarstörfum fyrir 17 ára verið fjölgað síðastliðin þrjú vor um 200 störf. Líkt og undanfarin ár hafa 17 ára einstaklingar átt erfitt með að fá sumarstörf þar sem þau keppa við eldri einstaklinga um störf og þrátt fyrir betra atvinnuástand mun það áfram verða áskorun.. Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofunnar eru 1400 einstaklingar fæddir árið 2005 og búa í Reykjavík. Skv. skýrslu rannsóknar og greiningar árið 2020 voru 56% framhaldsskólanema í fullu starfi það sumar.

Lagt er til að bjóða 200 sumarstörf fyrir 17 ára einstaklinga í Reykjavík í 4-6 vikur. Þessi viðbótarstörf eru á skóla- og frístundasviði, umhverfis- og skipulagssviði, íþrótt- og tómstundasviði, menningar- og ferðamálasviði og velferðarsviði. Skv. upplýsingum frá áðurnefndum sviðum treysta þau sér til að ráða í kringum 250 einstaklinga sem eru 17 ára.

Stór hluti þessara starfa yrði á leikskólum Reykjavíkurborgar, við umhirðu borgarlandsins og hjá íþrótt- og æskulýðsfélögum. Hjá íþrótt- og æskulýðsfélögum geta þessi viðbótarstörf orðið til þess að fjölga leikjanámskeiðum, íþróttanámskeiðum og útivistarnámskeiðum. Rétt er að taka fram að með því að fjölga störfum bæði hjá íþrótt- og æskulýðsfélögum sem og í frístundastarfi er verið að auka við þjónustu barnafólks með því að bjóða öflugar sumarfrístund og sumarnámskeið í borginni ásamt því

að fjölga atvinnutækifærum fyrir ungt fólk. Nánari útfærsla á skiptingu milli sviða verður útfærð í samvinnu við viðkomandi fagsvið.

Tafla 1. Áætlaður kostnaður við 100 -300 störf

Einstaklingar	4 vikur	6 vikur
100	42 mkr.	64 mkr.
200	85. mkr.	127 mkr.
300	127 mkr.	191 mkr.

Í töflu 1 má sjá áætlaðan kostnað vegna ráðninga 17 ára einstaklinga. Taflan sýnir fjölda einstaklinga sem er ráðin í sumarstörf og í ráðningartímabil sem er annars vegar fjórar vikur og hins vegar sex vikur.

Í ljósi ofangreinds leggur mannauðs- og starfsumhverfissvið að fjölga sumarstörfum um 200 til að tryggja sumarstörf fyrir 17 ára einstaklinga við hæfi. Áætlaður heildarkostnaður vegna 200 ráðningar á 17 ára einstaklinga búsettum í Reykjavík í 6 vikur væri 127 m.kr.

2. Framtíðarfyrirkomulag sumarstarfa fyrir 17 ára einstaklinga

Ár hvert auglýsir Reykjavíkurborg sumarstörf fyrir ungt fólk og í stóran hluta starfanna eru gerðar kröfur um lágmarksaldur sem er 18 ára og jafnvel 20 ára. Vinnuskóli Reykjavíkur ræður ungt fólk á aldrinum 15 til 16 ára en þegar ungmenni verða 17 ára sækja þessir einstaklingar um laus sumarstörf hjá borginni. Eins og að ofan greinir verður það til þess að einstaklingar sem eru 17 ára keppa um störf við mun eldri og reynslumeiri einstaklinga. Því lenda þessir einstaklingar „milli kerfa“ hjá borginni þar sem bæði aldur þeirra og minni reynsla verður erfið í samkeppni um sumarstörf sem auglýst eru. Einnig er mikilvægt að benda á viðkvæma hópa s.s. ungt fólk með greiningar sem mikilvægt er að fái starf við hæfi og upplifi fyrstu skref sín á vinnumarkaði jákvæð og uppbyggjandi. Nágrannasveitarfélög Reykjavíkurborgar eru flest að ráða alla 17 ára einstaklinga sem búsettir eru í sveitarfélaginu sem óska eftir starfi. Nokkuð misjafnt er hversu langt tímabil þessir einstaklingar eru ráðnir í. Jafnframt er rétt að benda á skv. skilningi laganna eru 17 ára einstaklingar börn og mega því ekki gegna nema ákveðnum störfum og þurfa fagsvið borgarinnar því sérstaklega að huga að og skilgreina þau störf sem 17 ára einstaklingar mega sinna.

Mannauðs og starfsumhverfissvið leggur til að skoðað verði fyrirkomulag á sumarstörfum til framtíðar fyrir 17 ára einstaklinga sem búsettir eru í Reykjavík. Stofnaður verði starfshópur sem kortleggur stöðuna, setur upp sviðsmyndir og kostnaðarmetur tillögur.